

Gerð skjals: Fundargerð	Kvennaskólinn í Reykjavík	
Dags.: 26.09.2023		
Tími: 15:00 Staðsetning: Stofa A-7		
Síða 1 af 1		

Tegund fundar Skólanefndarfundur

Fundarstjóri	Stefán Hilmarsson
Fundarritari	Guðný Rún Sigurðardóttir
Mætt	Stefán Hilmarsson, Diljá Ámundadóttir, Brynja Björk Magnúsdóttir, Þórdís Eyvör Valdimarsdóttir, Embla María Möller Atladóttir, Sandra Hlíf Ocares, Kolfinna Jóhannesdóttir, Guðný Rún Sigurðardóttir, Ásdís Arnalds, Björk Þorgeirsdóttir og Elísa Davíðsdóttir.

	Fundarefni
1.	Kynning á hlutverki skólanefndar Farið var yfir hlutverk skólanefndar eins og kveðið er á um í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Nýr fulltrúi í skólanefnd fyrir hönd nemenda, Embla María, boðin velkomin. Fulltrúar starfsfólks og kennara eru óbreyttir frá fyrra ári, Þórdís Eyvör fyrir hönd starfsfólks og Birna Imsland fyrir hönd foreldra.
2.	Kosning formanns til eins árs Stefán Hilmarsson kosinn til áframhaldandi setu sem formaður.
3.	Skólastarfið á haustönn Elísa Davíðsdóttir, deildarstjóri á starfsbraut, kynnti skipulag og starf brautarinnar. Ásdís Arnalds fór yfir skólastarfið og viðburðadagatal fyrir haustönn. Farið var yfir fjölda umsókna í skólann og fjölda innritaðra. Samtals voru innritaðir 237 nemendur á námsbrautir skólans á haustönn. Skólameistari greindi frá ráðningum starfsfólks á haustönn.
4.	Fréttir úr félagslífi nemenda Embla María fór yfir helstu viðburði í félagslífi nemenda, meðal annars viðburði sem tengjast móttöku nýnema. Framundan er undirbúningur fyrir Gettu betur og Morfís. Þá eru flestar vikur fram að jólum skipulagðar í kringum ákveðin þemu.
5.	Fundargerðir kennarafunda Fundargerðir kennarafunda frá 24. mars og 1. september og fundargerð starfsmannafundar 17. ágúst lagðar fram.
6.	Rekstrarstaða eftir átta mánuði Staðan eftir fyrstu átta mánaði í rekstri skólans kynnt og farið yfir útkomuspá ársins. Fjallað var um frumvarp til fjárlaga og greint frá vinnu við endurskoðun á reiknilíkani fyrir framhaldsskóla.
7.	Húsnæðismál Skólameistari fór yfir helstu framkvæmdir sem unnið hefur verið að í sumar. Skipt hefur verið um panel og gólfdukk í Uppsölum ásamt því sem unnið er að því að taka í gegn snyrtingar á neðri hæð. Málningarvinna sem var á áætlun í Aðalbyggingu er langt komin og lokið var við að bæta hljóðvist í kennslustofu í Miðbæjarskólanum.
8.	Önnur mál Rætt um stöðu mála er varða áform um sameiningar framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að skýrsla sambærileg skýrslu um sameiningu MA og VMA verði birt í tengslum við hugmynd um sameiningu Kvennaskólans og Menntaskólans við Sund.